

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (04 Landbúnaðarráðuneyti og 05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (AtliG).

Fjárlög hvers árs eru órækur vitnisburður um stefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Fjárlög fyrir árið 2008 endurspeglar þannig með skýrum hætti stefnu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn síðastliðin fjögur kjörtímabil og lengst af við stjórnvölinn. Það er skoðun 2. minni hluta að þessi ár hafi verið feit ár auðmanna og hátekjufólks en að sama skapi mögur ár lág- og meðaltekjufólks, aldraðra og öryrkja og fleiri hópa í þjóðfélaginu. Að mati 2. minni hluta hefur þjóðfélagsgerð okkar breyst til verri vegar síðastliðin 16 ár. Misskipting, fátækt og hvers kyns mismunun hefur aukist verulega. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu hefur verið takmarkaður með gjaldtöku. Landsbyggðarfolk situr engan veginn við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélög á landsbyggðinni búa við fjársveldi og geta illa veitt íbúum sínum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Fátæppni og allt að því einokun er ríkjandi á stærstu sviðum viðskipta- og atvinnulífs og heilbrigð samkeppni og einstaklingsframfarir á mjög undir högg að sækja. Kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamunur eru viðvarandi. Skattar á lág- og meðaltekjufólk hafa hlutfallslega verið hækkaðir með skertum persónuafslætti, skertum barnabótum, skertum vaxtabótum og stóru auknum sjúklunga- og lyfjasköttum á meðan skattar hafa ýmist verið lækkaðir og eða og felldir niður á auð- og hátekjumönnum. Kjör öryrkja og aldraðra hafa hlutfallslega versnað. Brýnum umhverfismálum hefur ekki verið sinnt og unnin hafa verið stórfelld óafturkræf spjöll á náttúru Íslands í nafni blindrar stóriðjustefnu. Ungu fólki hefur verið gert illmögulegt að kaupa sína fyrstu íbúð og vaxtaokur er almenn staðreynd. Frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun hefur verið drepin í dróma og einsleit álbræðsluhyggi hefur verið allsráðandi með tilheyrandi ruðningsáhrifum. Nauðsynlegum hafrannsóknnum og sjálfbærum veiðum hefur of lítill gaumur verið gefinn. Hernaðarhyggja hefur farið vaxandi og Ísland gert að þátttakanda í Íraksstriðinu. Borgaraleg réttindi hafa verið skert samfara miðstýrðri ráðstjórn Ríkislögreglustjóra með greiningardeildum, sérsveitum o.fl., en á sama tíma hefur verið dregið verulega úr löggæsluþjónustu á landsbyggðinni. Félagshyggi og almannahagsmunir eru á undanhaldi fyrir sérhagsmunum gróða- og markaðshyggi. Auðlindir þjóðarinnar sæta ásælni alþjóðlegra stórfyrirtækja og ofurauðmanna og þannig mætti lengi telja.

Það er staðfest skoðun 2. minni hluta að í öllum meginatriðum feli frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 í sér óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu fjögur kjörtímabil. Stefna Samfylkingarinnar, svo ekki sé talað um kosningaloforð hennar fyrir síðustu alþingiskosningar, sé lítt merkjanleg í fjárlögum fyrir árið 2008.

Þegar litið er yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007 staðfesta þeir að mati 2. minni hluta það sem að framan greinir.

2. minni hluti telur alvarlegustu annmarka frumvarpsins lúta að fjárveitingum til alhliða hafrannsóknna. Markmið fiskveiðistjórnunarlaganna hafa frá upphafi verið þau sömu, að vernda fiskistofna, að stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra, að treysta atvinnu og að efla byggð í landinu. Þessi markmið hafa aldrei náðst og reyndar eru markmiðin fjarlægari en nokkru sinni fyrr. Þvert á markmið laganna standa helstu nytjastofnar sjávar höllum fæti og lögin hafa í reynd stuðlað að óhagkvæmri nýtingu sjávarauðlinda með tilheyrandi skuldaskyldum og erfileikum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Þvert á markmið laganna hefur störfum í sjávarútvegi fækkað og starfsöryggi þeirra sem byggja afkomu sína á greininni sjaldan verið verri og jafnt og þétt hefur dregið úr mætti sjávarbyggða um land allt með tilheyrandi byggðaröskun og fólksflóttu. Við þessum stórfelldu vanda er hvorki brugðist í fjárlögum né mörkuð heildarstefna til framtíðar. Fyrir liggur að Hafrannsóknarstofnun getur ekki gert út rannsóknarskip sín nema um eða innan við 200 daga á ári vegna

fjárskorts og ekki sinnt rannsóknum á seyðagöngum, rannsóknum tengdum breyttu hitastigi, lífmassa og fæðukerfi sjávar, loðnugöngum og áhrifum loðnuveiða á vöxt og viðgang þorsstofnsins, hafsbótningum og fleiri aðkallandi rannsóknarverkefnum. Það verður ekki undan því vikist að stórauka fjárveitingar til Hafrannsóknarstofnunar og rannsókna á vegum sjómanna, útgerðar- og fiskvinnslustöðva og til háskóla og annarra fræða- og þekkingarsetra til visindalegrar úrvinnslu úr rannsóknargögnum. Að öðrum kosti blasir við að sjávarútvegi, þessari undirstöðu atvinnugrein þjóðarinnar, sé mikil hætta búin. Um nánari rökstuðning vísar 2. minni hluti til frumvarps Björns Vals Gíslasonar o. fl. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þskj. 157 – 147 mál, sem lagt var fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Að mati 2. minni hluta er einnig nauðsynlegt að stórauka matvælarannsóknir og fjárveitingar til þeirra, einkum í ljósi fyrirhugaðra breytinga á matvælaeftirliti og matvælalöggjöf og því að fyrir dyrum stendur að opna fyrir innflutningi erlendra matvara. Þá kallar frumvarp um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands á sérstakar fjárveitingar. Um þann þátt málsins og gagnrýni Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er vísað til meðfylgjandi umsagnar minni hluta í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til allsherjarnefndar. Jafnframt leggur 2. minni hluti til að horfið verði frá hlutafélagavæðingu Matis, sem samkvæmt fjárukaulögum hefur þegar kostað skattgreiðendur allt að 150 millj. kr. umfram það sem áætlað var og búast má við enn frekari viðbótarkostnaði í núverandi ohf. fyrirkomulagi. Þar má ná fram umtalsverðum sparnaði en efla um leið matvælarannsóknir.

2. minni hluti telur að sömu sjónarmið gildi um fjárlagaliði sem snúa að landbúnaðarráðuneytinu. Landbúnaðarskólarnir, Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins og fleiri stofnanir eru í uppnámi vegna fyrirhugaðra tilfærslu verkefna, sbr. meðfylgjandi umsögn. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveitingar til Veiðimálastofnunar verði lækkaðar verulega og umtalsvert til Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins og til fleiri stofnana og sjóða. Öll rök hníga hins vegar til þess að efla þessar stofnanir og auka fjárveitingar til þeirra, eins og þær hafa farið fram á með rökstuddum hætti. Er til að mynda með öllu ótækt að ekki sé að finna ríflegar fjárveitingar til endurreisnar Garðyrkjuskólans að Reykjum, sem hefur verið látinn drabbast niður undanfarin ár. Þá er ámælisvert að myndarlegum fjárframlögum skuli ekki veitt til rannsókna og eflingar á lífrænni framleiðslu landbúnaðarvara. Á því sviði á landbúnaður á Ísland mesta framtíð og sóknarmöguleika.

2. minni hluti telur skiptingu safnliðs 04-190-1.90 *Ýmis verkefni* ómarkvissa og tilviljunarkennda. Ber nauðsyn til að Alþingi móti gegnsæjar og markvissar reglur með fyrirfram gefnum forsendum um umsóknir, úthlutanir og eftirlit með ráðstöfun fjárins, sbr. einnig nýlega gagnrýni Umboðsmanns Alþingis á úthlutun á ráðstöfunarfé ráðherra.

Alþingi, 18. nóv. 2007

Atli Gíslason.

Nefndasvið.



Umsögn

2. Minni hluta Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um 130. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins.

Í greinargerð með frumvarpi að lögnum er greint frá því að við myndun núverandi ríkisstjórnar hafi verið ákveðið að fara heildstætt yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Ennfremur að lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 hafi verið breytt í því skyni á síðasta löggjafarþingi. Minni hlutinn telur þessar skýringar alls ekki réttar. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu má fyrst og síðast rekja til skiptingar ráðuneyta og ráðherrastóla milli samstarfsflokka í ríkisstjórninni. Ákvörðun var tekin og lögum um Stjórnarráð Íslands breytt án þess að skilgreind og rökstudd markmið og þarfa- og kostnaðargreining lægu fyrir og án heildstæðrar stefnumótunar og skýrrar framtíðarsýnar. Ekki er gerð hin minnsta tilraun til að bera saman núgildandi skipan mála og málaflokka við breytta skipan samkvæmt frumvarpinu og meta með faglegum og rökstuddum hætti áhrif breytinganna. Hvergi örlar á slíkum rökstuðningi í greinargerð með frumvarpinu, aðeins fullyrðingum um meinta samhæfingu, aukna skilvirkni, að kerfið verði auðskiljanlegra og aðgengilegra almenningi og svo framvegis. Má draga það stórlega í efa að umræddar breytingar leiði til hagræðingar, einföldunar og aukinnar skilvirkni í stjórnsýslunni. Reyndar liggur fyrir í nokkrum umsögnum um frumvarpið að ýmsar breytingar sem mælt er fyrir um muni hafa þveröfug áhrif í veigamiklum atriðum, skapi óvissu og að vinnubrögðin séu óvönduð, sbr. til dæmis umsagnir Landgræðslu ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, Bændasamtaka Íslands, Orkustofnunar, starfsmanna matvælasviðs Fiskistofu, Skógfræðingafélag Íslands, Skógræktarfélag Íslands, Suðurlandsskóga og fleiri hliðstæðar stofnanir, Hólaskóla, Ferðamálasamtaka Íslands, fiskistofustjóra og Skógræktar ríkisins. Þá er gagnrýnisvert að umsagnir skortir frá ýmsum mikilvægum stofnunum sem þurfa að sæta breytingum samkvæmt frumvarpinu. Er full ástæða til að afla þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu er fullyrt að viðtækt samráð hafi verið haft við þær stofnanir sem í hlut eiga. Það er staðfest með umsögnum um frumvarpið og á fundum nefndarinnar með forsvarsmönnum ýmissa stofnana að þessi fullyrðing er beinlínis röng. Frumvarpið var samið án nokkur samráðs við viðkomandi stofnanir og hagsmunaaðila. Sama gildir um samráð við stjórnarandstöðuna og hún var reyndar beitt meirihluta valdi þingmanna ríkisstjórnarinnar til að knýja með óvönduðum lagasetningarhætti fram breytingar á lögum um Stjórnarráð Ísland á síðasta löggjafarþingi. Það gengur þvert fyrri yfirlýsingar forsætisráðherra um að þverpólitísk samstaða væri forsenda slíkra breytinga og þvert á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi. Breytingarnar eru auk þess í hreinni mótsögn við stefnu Samfylkingarinnar um málefnalega

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARNEFND

samræðu, samráð og lýðræði. Það er alvarleg fljótaskrift á frumvarpinu og vinnubrögðin eftir því óvönduð. Ennfremur fráleitt að ætla að þessar breytingar muni ekki hafa í för með sér aukinn heildarkostnað ríkissjóðs, eins og fullyrt er í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið. Sú fullyrðing er órökstudd og ófagleg.

Nánari grein verður gerð fyrir sjónarmiðum Vinsrtihreyfingarinnar – græns framboðs í álit fulltrúa hennar í allsherjarnefnd.

Atli Gíslason.

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARNEFND